Nr. 548 21. júní 2016

# GJALDSKRÁ

**Geislavarna ríkisins.**

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | *Röntgentæki:* | kr. |
| | a) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka | 59.644 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 21.578 |
| | b) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skyggning | 79.936 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 28.216 |
| | c) Tölvusneiðmyndatæki | 102.670 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 59.694 |
| | d) Tannröntgentæki | 29.751 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 12.796 |
| | e) Iðnaðarröntgentæki (opin aðstaða) | 50.396 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 25.735 |
| | f) Dýralækningaröntgentæki | 46.406 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 14.941 |
| | g) Öryggisröntgentæki | 33.910 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni: | |
| | 4 eða færri á sama stað | 14.941 |
| | fyrir hvert tæki umfram 5 á sama stað | 10.795 |
| | h) Röntgentæki til efnarannsókna og gæðaeftirlits í iðnaði | 29.751 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar | 10.795 |
| 2. | *Geislalækningatæki:* | 77.882 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | 26.539 |
| 3. | *Geislavirk efni, opnar geislalindir:* | |
| | Rannsóknastofa í flokki A | 86.052 |
| | Rannsóknastofa í flokki B | 58.526 |
| | Rannsóknastofa í flokki C | 37.323 |
| | Framleiðsla á geislavirkum efnum | 49.610 |
| 4. | *Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:* | |
| | Nifteindalindir | 46.367 |
| | fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila | 18.725 |
| | aðrar lokaðar geislalindir | 43.443 |
| | fyrir hverja eins lind til viðbótar | |
| | 5 eða færri til viðbótar á sama stað með sama ábyrgðarmann | 12.797 |
| | fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað með sama ábyrgðarmann | 10.795 |
| 5. | *Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:* | |
| | TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil | 2.057 |
| | Fyrir hvern TLD mæli sem týnist eða skemmist | 3.656 |

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald um 50% þegar ekki þarf að fara á staðinn heldur nægir að fara yfir gögn og mælingar. Það á við um staði þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við síðasta eftirlit og starfsemin er óbreytt.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. *Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreininga:* | |
| a) Önnur röntgentæki en tannröntgentæki | 14.883 |
| b) Tannröntgentæki | 9.922 |
| 2. *Vegna iðnaðartækja í opinni aðstöðu:* | 14.883 |
| 3. *Vegna öryggis-, efnarannsókna- og gæðaeftirlitsröntgentækja:* | 9.922 |
| 4. *Vegna nýrrar eða breyttrar aðstöðu:* | 14.883 |
| 5. *Vegna lokaðra geislalinda:* | |
| a) nifteindalind eða hágeislavirk lind (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015) | 19.944 |
| b) aðrar geislalindir | 14.883 |
| 6. *Vegna opinna geislalinda:* | |
| a) Ný starfsemi: | |
| i. Flokkur A | 24.805 |
| ii. Flokkur B | 19.844 |
| iii. Flokkur C | 14.883 |
| b) Árleg endurnýjun: | |
| i. Flokkur A | 24.805 |
| ii. Flokkur B | 19.844 |
| iii. Flokkur C | 14.883 |
| 7. *Vegna framleiðslu geislavirkra efna:* | 198.440 |
| 8. *Vegna notkunar leysa og leysibenda:* | 9.922 |

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Vegna endurtekinnar eftirfylgni eftirlits skal innheimt tímagjald samkvæmt 5. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 9.922 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni eða rafsegulssviði skal stofnunin innheimta gjald, að upphæð kr. 24.805. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr.

3.760. Fyrir mælingar á rafsegulsviði skal stofnunin innheimta kr. 24.805 fyrir allt að 8 mælingar á sama stað. Fyrir mælingu á geislun frá leysibendum skal stofnunin innheimta kr. 9.922 fyrir allt að 4 mælingar. Fyrir hverja mælingu þar til viðbótar skal innheimta kr. 2.728.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 370/2015.

*Velferðarráðuneytinu, 21. júní 2016.*

**Kristján Þór Júlíusson**
heilbrigðisráðherra.

*Margrét Björnsdóttir.*